

8. Fimm menn í stjórn veitustofnana og fimm til vara.
Formannskjör.
9. Þrjá menn í stjórn Vinnuskólans og þrjá til vara.
Formannskjör.
- C. Þá kýs borgarstjórn í ýmsar nefndir skv. sérstökum samþykktum sínum, nefndir til tímabundinna verkefna og í nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Eftir gildistöku breytinga þessara, sbr. 25. gr. og A-lið 36. gr., skulu kosnir tveir borgarfulltrúar í borgarráð til viðbótar þeim sem kjörnir voru 18. júní sl. og er kjörtímabil til júní nk.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, sbr. þó 4. gr.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Akranesveitu nr. 665 27. desember 1995.

1. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hitastig og leiðréttingar.

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennislismæla.

AV leiðrétting gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celsius, sem reiknað hitastig við húsvegg viku frá 77°C, breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 77°C, en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útteikninga er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% herra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, skal greiða sérstakt gjald. Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald, skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem stjórn Akranesveitu og bæjarstjórn Akraness hafa samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. mars 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.
GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

| | kr./klst. |
|--------------------------|-----------|
| 1. Rannsóknamaður | 3.091 |
| 2. Sérfræðingur I | 4.076 |
| 3. Sérfræðingur II | 5.271 |

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 2. gr. gjaldskrár fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins nr. 591, 11. nóvember 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Nordmann.